2. gr. 48

Sýslumaður útnefnir eptir tillögu hlutaðeigandi hreppsnefnda svo marga menn í 23. maí.
gæzlunefnd, sem hann álítur þurfa í hreppum þeim í sýslunni, þar sem hákarlaveiði er stunduð. Hinir útnefndu gæzlumenn hafa nákvæmt eptirlit á, að samþykkt þessari sje hlýtt, og varðar það sektum samkvæmt 3. grein, ef þeir brjóta á móti þessari skyldu sinni, enda skal gæzlunefndinni launað með ½ alin eptir meðalverði lýsis í hvers árs verðlagsskrá af hverri lifrar tunnu, er kemur á land á því svæði, sem hún er skipuð fyrir.

3. gr.

Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, nema því að eins að líf hans liggi við, varðar það sektum frá 1—100 króna eptir málavöxtum. Helmingur sekta fellur til upplýstrarmanns og hinn helmingur til hrepps þess, sem brotið er framið í.

* * *

Samþykkt þessi, sem eptir löglegan undirbúning hefir verið gjörð af sýslunefndinni í Barðastrandarsýslu 27. septembr. 1880 staðfestist hjermeð af undirskrifuðum amtmanni samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, til að gilda frá 1 degi októberm. 1881 fyrir Rauðasandshrepp norðan Bjargtanga Tálknafjarðarhrepp, Dalahrepp og Suðurfjarðahrepp innan Barðastrandarsýslu, og kunngjörist hjermeð öllum hlutaðeigöndum til eptirbreytni.

Íslands vesturamt, Reykjavík 23. maí 1881.

Bergur Thorberg.

Reikningur 49

styrktarsjóðs handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi, 1880. 31. des. 1880.

	Tekjur		kr.	a.
1.	Eptirstöðvar frá f. á. (stjórnartíð. 1879 B. 203).			
	innritunarskírteini	16500 kr. „ a.		
	konungleg skuldabrjef	4200 — „ -		
	í sparisjóði Reykjavíkur og í reiðum peningum . . .	264 — 73 -	20964	73
2.	Vextir			
	a. af innritunarskírteini til 11. júní 1880	660 — „ -		
	b. af konunglegum skuldabrjefum til 11. desbr. 1881 . .	168 — „ -		
	c. af sparisjóðsbók	10 — 69 -	838	69
3.	Gjöf úr Norðurmúlasýslu (stjórnartíð. 1880 B 123.)		200	„
		alls	22003	42

	Gjöld.			
1.	Styrkur til launa handa búfræðingum 1879:			
	a, í Norðurmúlasýslu	200 kr.		
	b, í Suðurmúlasýslu	200 —	400	„
2.	Styrkur til launa handa búfræðingum 1880 í Suðurmúlasýslu		200	„
3.	Eptirstöðvar 31 desember 1880:			
		Flyt	600	»

			Kr.	A.
49			Fluttar	600 »
31. des. 1880.	a, innritunarskírteini	16500 kr.	„	a.
	b, konungleg skuldabrjef	4200 —	„	a.
	c, í sparisjóði Reykjavíkur	619 —	42	a.
	d, í reiðum peningum	84 —	„	a. 21403 42
			alls	22003 42

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 31. desbr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

50 — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um arf handa fjarstöddum**
18. des. 1880. **erfingjum.** — Með því að arfur úr nokkrum dánarbúum hefir verið útlagður fjarstöddum erfingjum, sem ekki hafa mætt nje mæta látið við skiptin, hafið þjer, herra landshöfðingi, samkvæmt ósk hlutaðeigandi embættismanns, spurt, hvernig, þegar svo ber við, eigi að fara með arfinn, og hvort og hvernig reynt skuli að gefa hlutaðeiganda til vitundar, að honum hafi hlotnazt arfur, og teljið þjer það líklegt, að slíkt kunni optar að eiga sjer stað, þar sem á síðari árum heldur margt fólk hafi fluzt frá Íslandi til Vesturheims.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að í líkingu við lagaákvarðanir þær, sem gilda um meðferð á ómagafje, verður að skipa fjárráðamann til þess með umsjón hlutaðeigandi yfirfjárráðanda að ráðstafa arfi, sem lagður er út fjarverandi erfingja, sem hvorki hefir mætt nje mæta látið við skiptin. Það verður þá skylda slíks fjárráðamanns, þegar hann fær vitneskju um, hvar erfinginn sje niður kominn, að senda honum nauðsynlega skýrslu um hinn tilfallna arf. Hins vegar verður ráðgjafinn að vera landshöfðingjanum samdóma um, að eigi sje nægileg heimild til að leggja á hið opinbera neinar skyldur í þessu efni, þar eð ganga verður út frá því, að skiptarjetturinn, meðan skiptin standa yfir, fullnægi skyldum sínum samkvæmt 14. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, að grennslast eptir erfingjunum og gefa þeim sjerstaka skýrslu um mannslátið. Fjárforræðið verður að öðru leyti að standa þangað til að erfingi sá, er hlut á að máli, tekur sjálfur við stjórn fjárins, eða þangað til fjeð verður útlagt erfingjum hans, þegar heimild til þess er fengin, sbr. konungsbrjef frá 9. nóvbr. 1825, og skal þess jafnframt getið, að fjeð rennur til landssjóðs og ber að borga í hann, ef ekkert af því, sem að ofan er gjört ráð fyrir, á sjer stað fyrir lok þess tíma, sem lögin ákveða.

51 — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um sameining 2 kirkjusókna.**
30. des. 1880. — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 13. október þ. á. og gjört út af því allraþegnsamlegustu uppástúngu hefir hans hátign konúnginum þóknazt 13. þ. m. allramildilegast að fallast á, að leggja megi niður kirkjurnar á Höfða og Grýtubakka í Höfðaprestakalli og Suðurþingeyar prófastsdæmi í norður- og austurumdæmi Íslands, og að í staðinn fyrir þær verði byggð ný kirkja á jörðinni Svæði í nefndu prestakalli með þeim skilmálum, sem hjer greinir.